

Gísli Halldór Halldórsson  
Bæjarstjóri í Árborg  
b.t bæjarráð

**Efni: Samstarf við sveitafélagið Árborg um kaup og uppsetningu á styttu af Agli Thorarensen.**

Nýlega stofnuðu nokkrir einstaklingar félagið Styttubandalagið ehf. Tilgangur félagsins er afla fjár og reisa í miðbæ Selfoss styttu af Agli Thorarensen.

Egill Thorarensen er oft nefndur faðir Selfoss. Hann hóf ungur verslun í Sigtúnum og varð síðar fyrsti Kaupfélagsstjóri Árnessinga – starfi sem hann gengdi í áratugi. Hann var einnig í áratugi stjórnarformaður Mjólkurbús Flóamanna og kom að flestum framfaramálum á Selfossi.

Það hefur lengi staðið til að reisa styttu til minningar um hinn merka mann - veita honum og uppbyggingarsögu Selfoss virðingu.

Styttubandalagið óskar eftir samstarfi við Sv. Árborg um áformin – að sveitafélagið skipi 1-3 fulltrúa í framkvæmdahóp.

f.h Styttubandalagið

Sigurjón Erlingsson

Guðni Ágústsson

Grímur Arnarson

Leó Árnason